

# Oddgeir Kristjánsson

Þróun tónsmíða hans í samhengi  
við Þjóðhátíð Vestmannaeyja og  
lífshlaup hans

Hafsteinn Þórólfsson

Listaháskóli Íslands

Tónlistadeild

Tónsmíðar

# **Oddgeir Kristjánsson**

Þróun tónsmíða hans í samhengi  
við Þjóðhátíð Vestmannaeyja og  
lífshlaup hans

Hafsteinn Þórólfsson

Leiðbeinandi: Þorbjörg Daphne Hall

Vorönn 2011



Í þessari ritgerð eru Þjóðhátíðarlög Oddgeirs Kristjánssonar skoðuð í sögulegu og tónfræðilegu samhengi. Athugað er hvort þróun eigi sér stað í tónsmíðum laganna, þau borin saman út frá tóntegundanothkun, laglínunum, útsetningum og texta. Einnig er flutningsmáti laganna kannaður með hliðsjón af áhrifum flytjenda á tónsmíðar. Saga laganna er sett í sögulegt samhengi þar sem áhrifaþættir Þjóðhátíðar gagnvart lögunum eru kannaðir. Ferill Oddgeirs er rakin þar sem einblínt er á hann sem tónlistarmann. Einnig er fjallað lítillega um sögu Þjóðhátíð Vestmannaeyja og sögu hennar.

## Efnisyfirlit

<b>Inngangur .....</b>	<b>4</b>
<b>Oddgeir Kristjánsson.....</b>	<b>5</b>
Æviágrip.....	5
Lúðrasveitin.....	6
Útgáfa.....	6
<b>Þjóðhátíð Vestmannaeyinga.....</b>	<b>7</b>
Oddgeir og Þjóðhátíðin .....	8
<b>Þjóðhátíðarlögin .....</b>	<b>9</b>
1. Tímabilið 1933-1942.....	10
2. Tímabilið 1945-1955.....	11
3. Tímabilið 1961-1968.....	12
<b>Tímabilin borin saman .....</b>	<b>13</b>
Notkun tóntegunda í þjóðhátíðarlögum Oddgeirs.....	13
Form og útsetningar .....	15
Textanotkun í þjóðhátíðarlögum Oddgeirs .....	16
Almennar hugleiðingar.....	17
<b>Niðurlag.....</b>	<b>18</b>
<b>Heimildaskrá .....</b>	<b>19</b>
<b>Viðauki I.....</b>	<b>21</b>
<b>Viðauki II.....</b>	<b>22</b>

## Inngangur

Frá því að ég man eftir mér hefur alltaf verið sungið í kringum mig. Þegar fjölskylda mín kom saman að þá var sungið. Lögín sem við sungum voru oftast þau sömu og allir kunnu textana en ég var fljótur að læra þá og tók alltaf virkan þátt í söngnum. Ég lærði fljótt að lögín kæmu frá Vestmannaeyjum af því að textarnir fjölluðu svo oft um Eyjarnar og að þau væru eftir Ása og Oddgeir. Og ég vissi líka að Oddgeir var langafi minn þó að ég hafði aldrei hitt hann. Þetta var allt svo eðlilegt.

Í söngnámi mínu fór ég virkilega að skoða þessi lög. Hversdagslegi blærinn sem þau voru umvafinn fór að breytast í hrifningu og stolt yfir því að afi minn skyldi hafa samið þessi lög. Ég uppgötvaði líka mörg ný lög eftir hann sem ég hafði ekki sungið og fannst það ákaflega merkilegt. Nokkrum árum síðar, þegar ég hóf nám í tónsmíðum, breyttist sýn mín enn á ný. Mér fannst lögín allt í einu miklu merkilegri og ég varð forvitnari um uppruna þeirra og vildi kafa í tónsmíð þeirra. Þegar ég leitaði upplýsinga komst ég að því að þær voru af ákaflega skornum skammti. Það var nánast ekkert til skrifað um hann eða tónlistina hans. Það hafði engin rannsakað lögín hans, hvorki að hluta til né í heild sinni. Er ég ræddi um þetta við Hrefnu, ömmu mína, sem er elsta barn Oddgeirs, komst ég að því að hún hafði svör við flestum af spurningum mínum og það varð einnig raunin með Hildi systur hennar og Hafstein, eiginmann Hildar. Ég ákvað að kafa ofan í efnið. Mér varð það ljóst að til að ná utan um efnið, sem var mun umfangsmeira enn ég hafði gert mér grein fyrir, þyrfti ég að einbeita mér að einhverju ákveðnu atriði í tónsmíðum hans. Ég valdi lögín sem hann hafði samið fyrir Þjóðhátíðina í Vestmannaeyjum. Þau voru jú um helmingur allra laga sem hann hafði samið og á meðal þeirra voru flest af vinsælustu lögum hans. Markmið mitt varð að komast að því hvernig Þjóðhátíðarlögín hans Oddgeirs urðu til og hvort að einhver þróun hafði orðið á lögunum og Oddgeiri sem tónskáldi á því tímabili sem þau voru samin.

## Oddgeir Kristjánsson

### *Æviágrip*

Oddgeir Kristjánsson var fæddur á Garðsstöðum í Vestmannaeyjum 16. nóvember árið 1911. Foreldrar hans voru Kristján Jónsson trésmiður og Elín Oddsdóttir en Oddgeir var þriðja barn þeirra hjóna af tíu sem upp komust, en það ellefta var hálfbróðir. Tækifæri til náms umfram skyldunám barnaskólanna voru fá þegar Oddgeir var ungur en hann stundaði þó prentið frá 1924-1925. Hann stundaði lengst af verslunar- og skrifstofustörf og var skrifstofustjóri hjá BSV, Bifreiðastöð Vestmannaeyja frá 1942-1956 en varð seinna söngkennari við Barnaskólann í Eyjum frá 1956 til dauðadags. Í desember 1933 kvæntist Oddgeir Svövu Guðjónsdóttur og bjó með henni til æviloka. Oddgeir og Svava eignuðust saman 3 börn, Hrefnu fædd 1931, Kristján 1938-1947 og Hildi fædd 1951.

...hann var barn að aldri þegar hann fór um skeið daglega niður í bæ til að þess að skoða fiðlu sem var stillt út í búðaglugga, en það voru ekki efni til að kaupa hljóðfærið. Pabbi hans gat hins vegar útvegað gamla fiðlu sem var brotin og var nú tekið við að líma gripinn. Leið ekki á löngu þar til litli tónlistamaðurinn var farinn að strjúka villta strengi fiðlunnar sinnar og það leið heldur ekki á löngu þar til Oddgeir var farinn að fá sína fyrstu áheyrendur. Þakklátasti áheyrandi þessara ára var veikur kálfur sem var í eldhúsinu á Heiðarbrún og hallaði kálfurinn sér upp að Oddgeir á meðan hann spilaði fyrir hann á fiðluna.<sup>1</sup>

Þessi saga lýsir Oddgeiri mjög vel en hann var fær á mörg hljóðfæri þrátt fyrir að stunda lítið tónlistarnám og var þar að þakka brennandi áhuga hans á tónlist. Hann stundaði nám í trompetleik hjá Hallgrími Þorsteinssyni er hann spilaði í Lúðrasveit Vestmannaeyja frá 1925-1931. 19 ára gamall fór hann til Reykjavíkur í fiðlunám hjá Þórarni Guðmundssyni 1931-1932 en um sama leyti skall heimskreppan á og þurfti Oddgeir að hætta námi og fara aftur til Eyja. Svava var þá einnig við nám í Reykjavík að læra matseld. Hún stundaði á sama tíma gítarnám og er hún fluttist aftur til Eyja keypti hún sér gítar og gítarkennslubók. Oddgeir hertók þá gítarinn og kenndi sér á hljóðfærið út frá kennslubókinni. Veturinn 1944-1945 fékk hann styrk frá Vestmannaeyjabæ til tónfræðináms hjá

---

<sup>1</sup> Árni Johnsen, „Hvernig Þjóðhátíðarlög Oddgeirs urðu til“, *Þjóðhátíðarblað Þórs*, 1978, bls. 5-6.

dr. Róbert A. Ottóssyni í Reykjavík og hélt áfram því námi í gegnum bréfaskriftir eftir að námsvetri lauk.

### *Lúðrasveitin*

Lúðrasveit Vestmannaeyja var fyrst stofnuð árið 1904 af Brynjólfi Sigfússyni kirkjuorganista í Eyjum og var starfandi til 1921. Hún var endurvakin 1924 og var stjórnað fyrsta árið af Auðbirni Emilssyni þar til að Hallgrímur Þorsteinsson tók við. Þessi endurvakning stóð til 1932 en þá hætti lúðrasveitin störfum. Árið 1939 flutti Hreggviður Jónsson til Eyja eftir nokkurra ára búsetu í Reykjavík en hann hafði þar starfað í lúðrasveitinni Svani. Hann og Oddgeir endurreistu nú Lúðrasveit Vestmanneyja í þriðja sinn undir stjórn Oddgeirs og hélt hún starfsemi óslitið undir stjórn hans meðan hann lifði. Eftir að Oddgeir hóf söngkennslu við Barnaskólann stofnaði hann þar einnig lúðrasveit og barnakór ásamt því að stofna lúðrasveit í Gagnfræðiskólanum. Starf Oddgeirs fyrir Lúðrasveit Vestmannaeyja var ávallt unnið í sjálfböðavinnu en fyrir þá vinnu var hann sæmdur heiðursmerki Sambands íslenskra lúðrasveita fyrstur manna, ásamt Karli Ottó Runólfssyni, árið 1965.

### *Útgáfa*

Oddgeir samdi samtals um 45 verk um ævina. Hann var hvað þekktastur fyrir lögina sem hann samdi fyrir Þjóðhátíðina en hann samdi einnig tónlist fyrir leikrit, skemmtanir og fjáraflanir. Lög eftir hann komu fyrst út á prenti árið 1952, lagið *Ágústnótt* og *Heima* en þau voru gefin út hvort í sínu lagi. Líklegt er að þessi lög hafi verið gefin út til að koma þeim á framfæri.<sup>2</sup> Árið 1955 fékk Oddgeir vinning í Hapdrætti SÍBS, 5.000 krónur, sem hann notaði til að fjármagna útgáfu á 5 laga hefti sem kom út í janúar 1956. Í þetta lagahefti valdi Oddgeir lögina *Bjartar vonir vakna* (*Vor við sæinn*), *Síldarvísu*, *Gömlu Götuna*, *Vísuna um dægurlagið* og *Hátíðarnótt í Herjólfssdal*. Í því hefti voru þjóðhátíðarlögina frá 1953-1955 ásamt þjóðhátíðarlaginu 1939. *Bjartar vonir vakna* var ekki samið fyrir þjóðhátíð en það lag er fyrsta lag Oddgeirs til að vera flutt í útvarpi. Árið 1968 kom út veglegt hefti 26 laga hans en Oddgeir hafði unnið að útgáfu þess fyrir andlát sitt. Oddgeir samdi 21 lag sérstaklega fyrir Þjóðhátíðina en 14 af þeim lögum voru gefin út í

---

<sup>2</sup> Viðtal höfundar við Hrefnu Guðbjörgu Oddgeirsdóttur, 20.1.2011.



heftinu. Lögín sem hann sleppti í þessari útgáfu voru flest af eldri lögum hans. Heftið er titlað „Vor við sæinn“ og er eina nótnaheftið sem er til sölu enn þann dag í dag. Þau lög sem komu ekki út í þessu nótnahefti hafa nær öll fallið í gleymsku og hafa aldrei verið gefin út á prenti eða á plötu.

## Þjóðhátíð Vestmannaeyinga

Þjóðhátíð var fyrst haldin í Vestmannaeyjum þann 2. ágúst árið 1874 í tilefni þúsund ára byggðar á Íslandi. Hún var haldin víðsvegar um landið að þessu tilefni en í Vestmannaeyjum var hátíðin haldin í Herjólfssdal. Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum var næst haldin þann 17. ágúst 1901 og hefur svo verið haldin á hverju sumri í ágúst að undanskildu árinu 1914 vegna fyrri heimstyrjaldarinnar. Hún hefur ávallt verið haldin í Herjólfssdal, nema árin 1973-76 vegna gossins á Heimaey.

Heimamenn safnast fyrir í dalnum í hvítum tjöldum sem eru sett upp í beinni röð og búa þannig til götur sem eru svo skírðar ákveðnum nöfnum. Veitingatjald er einnig reist í dalnum sem var í fyrri tíð eins konar samkomusalur. Setning hátíðarinnar er fastur liður ásamt keppnum í íþróttagreinum, bjargsigi, flugeldasýningu, ræðuhöldum, söngvum og dansi.

Nokkur félög hafa haldið Þjóðhátíð í áranna rás en allt frá árinu 1920 sáu íþróttafélögin Þór og Týr um hátíðina þangað til að félögin sameinuðust í félagið ÍBV árið 1996. Tónlist hafði sinn sess á hátíðinni.

Fjölmörg sönglög og söngtextar hafa tengst þjóðhátíð Vestmannaeyja um langan aldur. Þegar árið 1905 er sungið kvæði eftir Gísli Engilbertsson verslunarstjóra sem lagði hátíðinni til frumort kvæði í mörg ár. Síðar bættust fleiri hagarðingar í hópinn. Sennilega hafa þessi eldri þjóðhátíðakvæði verið sungin undir alkunnum lögum. Brynjólfur Sigfússon kaupmaður og organisti stjórnaði söng á þjóðhátíð um áratuga skeið. Fyrir 1930 orti Sigurbjörn Sveinsson kennari og rithöfundur „Sumarmorgun á Heimaey“ (Yndislega eyjan mín) sem sumir kalla þjóðsöng Vestmannaeyja. Brynjólfur samdi lag við kvæðið en það hefur samt oftari verið sungið undir laginu „Fjalladrottning móðir mín“ eftir Bjarna Þorsteinsson.<sup>3</sup>

---

<sup>3</sup> Árni Björnsson, *Saga daganna*, 3. útgáfa, Mál og menning, Reykjavík, 2000, bls. 217.

### *Oddgeir og Þjóðhátíðin*

Hlutverk Þjóðhátíðarinnar í Eyjum í kringum 1933, þegar Oddgeir semur fyrsta þjóðhátíðarlagið, var allt annað en það var í dag. Hátíðin var fyrst og fremst tækifæri fyrir Vestmannaeyinga sjálfa til að koma saman og gleðjast en í dag er hún hátíð fyrir alla landsmenn. Eyjamenn unnu þá sjálfir að því að skreyta dalinn og skapa umgjörð um hátíð sem allir í bænum gætu tekið þátt í. Hlutverk íþróttakappleikja var veigamikill og keppt var í allskyns greinum milli íþróttafélaganna Þórs og Týrs.

Tónlist hafði lítið skipulagt hlutverk á hátíðinni og fékk nánast enga athygli. Hinsvegar voru mörg kvæði samin á þessum fyrstu árum, væntanlega bæði til upplesturs og einnig til að gefa lögum sem algengt var að syngja nýja texta enda mikið sungið saman í veitingatjaldinu.

Árið 1933 og árin þar á undan hafði Oddgeir tekið þátt á þjóðhátíðinni með því að skreyta dalinn en hann var félagi í Knattspyrnufélaginu Týr. Frá 1933 skapaði hann sér nýtt hlutverk á hátíðinni. Fátt er vitað um upphaf tónsmíða Oddgeirs fyrir þjóðhátíð en um það hafði Ási í Bæ eftirfarandi að segja:

...mesta lagið er *Ágústnótt* með texta Árna úr Eyjum. Þá var Oddgeir búinn að fá „á heilann“ að eiginlega gætum við ekki verið sáttir nema að þessi hátíð væri gerð eitthvað sérstök og hans framlag var að gera þjóðhátíðarlagið. Þetta kom á stund og stað, Oddgeir gerði lögin og við textana eftir atvikum, stundum í tíma, stundum síðar, en fljótlega fannst það að ef ekki var þjóðhátíðarlag, þá vantaði eitthvað og þannig er það enn þann dag í dag.<sup>4</sup>

Árið áður en *Ágústnótt* var þjóðhátíðarlagið hafði hann samið lagið *Bláa borðan* fyrir hátíðina sem sló alveg í gegn. Fólk lærði textann strax og allir fóru að syngja það. Gríntextinn í laginu um smjörlíkið Bláa borðann náði til meginlandsins þar sem að framleiðandi þess heyrði og endaði á því að borga Oddgeiri og Árna fyrir afnot af textanum í auglýsingar sínar. Þessi atburðarás staðfestir vinsældir lagsins á hátíðinni en á þessum tíma var lagið að ekki flutt í neinni dagskrá. Einnig kom texti lagsins hvergi fram á prenti, lagið var ekki tekið upp eða flutt af neinum aðkeyptum skemmtikröftum sem gætu flutt lagið á meginlandinu en eins og með

---

<sup>4</sup> Árni Johnsen, „Það ættu vinir að vita“, *Þjóðhátíðarblað Vestmannaeyja*, 1976, bls. 19.

öll fyrstu Þjóðhátíðarlögin þá var það bara vinnuhópur Oddgeirs og Árna sem sáu um flutninginn. Líklega hefur textinn borist til meginlandsins með starfsmönnum sem voru að vinna í vertíð í Eyjum þó ekki sé hægt að staðfesta það.<sup>5</sup>

Að hljóta vegleg laun fyrir eitt lag hefði getað haft mjög stefnumarkandi áhrif á ungan og fátækan tónlistarmann. Heimsbyggðin var að stíga upp úr kreppu og ekki mikið um tækifæri í tónlistarlífinu í Eyjum. Það hefði verið mjög skiljanlegt ef peningunum hefði verið fjárfest til að koma sér betur á framfæri sem tónlistarmanni eða jafnvel með hljóðfærakaupum. En nei, peningarnir voru notaðir til að slá upp veislu. Markmið Oddgeirs með að semja Þjóðhátíðarlög, eins og segir í tilvitnun Ása, hefur því verið að auka skemmtanagildi Þjóðhátíðarinnar.

## Þjóðhátíðarlögin

Þjóðhátíðarlög Oddgeirs, samtals 24 talsins, voru samin á 34 ára tímabili. (sjá yfirlit í Viðauka 1) Seinustu þrjú lög voru valin sem Þjóðhátíðarlögin eftir lát hans og voru þau öll samin að öðru tilefni. Öll lög sem samin voru fyrir Þjóðhátíð eiga það sameiginlegt að lagið var samið á undan ljóði og talið er að í nær öllum tilfellum hafi lagið verið samið að vori eða sumri til. Í mörgum tilfellum var lagið samið einungis 1-3 vikum fyrir hátíðina.

Eftir greiningu á lögnum tónfræðilega og sögulega hef ég ákveðið að skipta Þjóðhátíðarlögnum niður í 3 tímabil, 8 lög í hvert tímabil. Ástæðuna má rekja til þróunar Oddgeirs sem tónsmíðs en einnig til þátta er varðar flutning laga hans. Einnig er greinanlegur munur á efni texta laganna eftir tímabilum. Á hverju tímabili samdi Oddgeir samfelld lög í nokkur ár en nokkur ár líða svo á milli tímabilana án þess að nýtt Þjóðhátíðarlag er samið.

Í greiningu minni á þróun tónsmíða hans á Þjóðhátíðarlögnum hef ég valið að bera saman eitt lag frá hverju tímabili. Þau eru *Ágústnótt* 1937, *Heima* 1951 og *Ég veit þú kemur* 1962. Þetta eru vinsælustu lög hvers tímabils og eiga það sameiginlegt að það sé ekki bara hugsað um þau sem Þjóðhátíðarlög heldur hafa

---

<sup>5</sup> Viðtal höfundar við Hrefnu Guðbjörgu Oddgeirsdóttur, 20.1.2011.

þau lifað áfram utan Þjóðhátíðar. Árið 1952 voru nótur af *Ágústnótt* og *Heima* gefnar út á prenti, fyrst laga Oddgeirs, en *Ég veit þú kemur* kom fyrst út í nótnaheftinu *Vor við sæinn* 1968. Mikilvægt er að skoða sögulegar aðstæður hvers tímabils til þess að geta borið saman lögin.

### 1. Tímabilið 1933-1942

Á þessum tíma var heimili Oddgeirs og Svövu staðurinn sem vinahópurinn kom saman á og samkomur þar voru tíðar. Tónlist spilaði þar veigamikinn sess og var mikið spilað og sungið.<sup>6</sup> Frá 1930-1939 lék Oddgeir á fiðlu í hljómsveit sem spilaði mikið á böllum og var einnig að semja gamanvísur fyrir skemmtanir. Tónlist á böllum var flutt eftir nótum sem voru sérpantaðar frá Þýskalandi og Danmörku og voru mikið til tangóar. Þó að Oddgeir hafi samið lög í tangóstíl á þessum tíma að þá gætir þeirra áhrifa ekki í Þjóðhátíðarlögunum. Fyrstu Þjóðhátíðarlögin voru öll samin á gítar og að frumkvæði Oddgeirs og Árna úr Eyjum.

Á Þjóðhátíðinni á þeim tíma var stórt veitingatjald eins og svið í dalnum og var eins konar miðpunktur hátíðarinnar. Þar var afgangur kaffi og með því og það fylgdi stemningunni að troða þar upp. Lög þessa tímabils eiga það sameiginlegt að vera frumflutt í veitingatjaldinu. Oddgeir, Árni og vinahópurinn höfðu þá lært lagið hverju sinni á heimili Oddgeirs og fluttu það saman í veitingatjaldinu, þó kom fyrir að Oddgeir og Árni flyttu það bara tveir. Oddgeir spilaði þar á gítar og oft spilaði Árni með á mandólín. Lögin voru ávallt sungin einradda og eru textar laga á þessu tímabili allir eftir Árna. Eftir að flutningi lauk í tjaldinu var hefð fyrir því að þeir gengu, ásamt öðrum vinum, milli tjalda í dalnum og fluttu nýja lagið, ásamt fleiri lögum, fyrir gesti hátíðarinnar.<sup>7</sup> Það var einnig algengt að setjast í brekkuna í dalnum og spila þar saman og syngja.

Textar laganna á þessu tímabili fjalla nær allir um Þjóðhátíðina og stemninguna þar að undanskildu textanum í „Bláa borðanum“ og „Takið eftir því“. Oft er minnst á dalinn, brennuna í Fjósakletti, ástina og vínið en bindindismenn höfðu á

<sup>6</sup> Viðtal höfundar við Hrefnu Guðbjörgu Oddgeirsdóttur, 20.1.2011.

<sup>7</sup> Viðtal höfundar við Hrefnu Guðbjörgu Oddgeirsdóttur, 20.1.2011.

seinni árum orð á því hvað það væri minnst mikið á áfengi í textum fyrstu þjóðhátíðarlaganna.<sup>8</sup>

Lagið *Ágústnótt* er fulltrúi þessa tímabils í greiningu minni. Lagið er í C-dúr og tvískiptum takti, 4/4. Það er samið í tvískiptu ítrekunarformi þ.e. A - A' - B - A'. Hver hluti er 8 taktar en lagið hefst á 4 takta forspili sem endar á hálfenda. A kaflinn endar á ófullkomnum aðalenda sem kallar á framhaldið. A' sem er með nákvæmlega sömu laglínu og raddsetningu og A að seinustu tveimur tóktunum undanskildum en þeir tengja A' hlutan við B hlutann. A' endar á fullkomnum aðalenda. B kaflinn endar á hálfenda og svo kemur A' nákvæmlega eins og í fyrra skiptið.

Útsetningin sem er stuðst við er sú sem kom út á prenti 1952 en það er útsetning fyrir píanó. Þar sem að Oddgeir var ekki farinn að skrifa fyrir píanó árið 1937 þegar lagið var samið er ekki hægt að gera ráð fyrir því að upphaflega útsetningin hafi verið nákvæmlega eins og hún er í skrifuðu nótunum. Hugsanlegt er að Oddgeir hafi að einhverju leyti hreinskrifað þær er hann útsetti fyrir píanó en samkvæmt heimildum er lagið alveg eins og það var upphaflega.<sup>9</sup>

## 2. Tímabilið 1945-1955

Á þessu tímabili breytist ýmislegt við tónsmíðar og flutning þjóðhátíðarlaganna. Hlutverk veitingatjaldsins sem miðstöð skemmtananna fer minnkandi og Lúðrasveit Vestmannaeyja, stofnuð 1939, fer að taka við flutningi laganna í skipulagðri dagskrá í útsetningu Oddgeirs. Meðlimir Lúðrasveitarinnar eru á þessum tíma með þeim fyrstu til að læra lögina og sjá oft um að kenna vinum sínum og fjölskyldu lögina fyrir þjóðhátíðina. Oddgeir hættir á þessu tímabili að ganga á milli tjalda og spila í sama mæli og áður en Ási í Bæ fer að taka við því hlutverki. Ási varð rómaður fyrir brekkusöng sinn en þá safnaði hann fylgdarliði í brekkuna og stjórnaði söng. Brekkusöngur er nú orðinn einn aðal dagskrárliður þjóðhátíðarinnar í dag. Hann varð það formlega árið 1977 undir stjórn Árna Johnsen. Á þessu tímabili fer Ási einnig að taka við hlutverki Árna úr Eyjum sem

<sup>8</sup> Viðtal höfundar við Hrefnu Guðbjörgu Oddgeirsdóttur, 20.1.2011.

<sup>9</sup> Viðtal höfundar við Hrefnu Guðbjörgu Oddgeirsdóttur, 20.1.2011.

textasmiður laganna en um 1947 veikist Árni úr berklum og flytur fljótt til meginlandsins til að njóta aðhlyningar á Vífilsstöðum.

Sumarið 1945 hefur Oddgeir nýlokið tónfræðinámi hjá Robert A. Ottósyni í Reykjavík og lög hans verða áberandi fagaðri og flóknari tónsmíðar. Hann fer að útsetja lög sín fyrir lúðrasveitina ásamt því að handskrifa allar nótur fyrir hana sem eykur vafalaust færni hans til tónsmíða. 1945 eignast Oddgeir og fjölskylda píanó sem Oddgeir fer nú að nota við tónsmíðar í stað gítarsins.

Efni textasmiðanna verður fjölbreyttari og hættir að fjalla um Þjóðhátíðina.

Lagið *Heima* er fulltrú 2. tímabilsins. Það er í Es-dúr og tvískiptum takti 2/2. Það er einnig samið í tvískiptu ítrekunarformi A - A' - B - B - A - A'. Hver hluti er 8 taktar en lagið hefst á 8 takta forspili sem endar á hálfenda. A kaflarnir eru nákvæmlega eins og enda á hálfenda sem kallar á svörun sem kemur frá A' en hann endar á fullkomnum aðalenda. A' kaflarnir eru nákvæmlega eins. B kaflinn leggur áherslu á IV sætið og endar á hálfenda í moll sem kallar á svörun frá B' þar sem hann leggur áherslu í iii sætið og endar á hálfenda í dúr.

Nóturnar sem stuðst er við í þessu lagi eru upphaflegu nóturnar. Lagið er reyndar óvenjulegt að því leytinu til að Róbert A. Ottóson raddsetti lagið fyrir píanó eftir að Oddgeir samdi það.

### 3. Tímabilið 1961-1968

Þetta tímabil skiptist í rauninni í tvennt því að Þjóðhátíðarlögin frá 1966-1968 voru í raun ekki samin sem slík heldur valin til að vera lög hátíðarinnar eftir lát Oddgeirs 1966.

Á þessum tíma er Oddgeir orðinn þekktur á meginlandinu fyrir lög sín og starf með Lúðrasveit Vestmannaeyja. Hann er farinn að nota ákveðið form til að semja Þjóðhátíðarlögin í og sterk hefð var farin að myndast fyrir flutningi nýrra Þjóðhátíðarlaga. Á þessum tíma fara fjölmiðlar að fjalla um að nýtt Þjóðhátíðarlag verði flutt.

Lúðrasveitin er á þessum tíma orðinn fastur liður í dagskrá hátíðarinnar og sér ávallt um flutning við setningu hennar. Lúðrasveitin er komin með nokkuð veglegt prógram Þjóðhátíðarlaga sem hún flytur um hátíðina en algengt er að sleppa þar flutningi á lögnum fyrir 1950 að undanskildum *Ágústnótt, Haustnótt í Herjólfsdal, Meira fjör og Á útlagaslóðum*.<sup>10,11,12</sup>

Hljómsveitir frá meginlandinu eru farnar að koma til þess að spila við hátíðina og flytja nú lögina á kvöldvökunum sem haldnar eru á föstudags og laugardagskvöldunum.

Fulltrúi þriðja tímabilsins er lagið *Ég veit þú kemur*. Lagið er í F-dúr og í tvískiptum takti 4/4. Það er samið í tvískiptu ítrekunarformi A - A' - A - A' - B - A - A'. Hver hluti er 4 taktar en lagið hefst á 2 takta forspili með upptakti sem tengist beint inn í laglínuna. Forspilið er nánast alveg eins og fyrsti taktur A kaflans endurtekin tvisvar. A kaflarnir eru allir eins útsettir og enda á hálfenda sem kallar á A' sem endar á fullkomnum aðalenda. A' kaflarnir eru einnig eins útsettir. B kaflinn endar á hálfenda.

Nóturnar af *Ég veit þú kemur* eru upphaflega útsetning Oddgeirs. Þetta lag er óumdeilanlega þekktasta lag Oddgeirs en það varð mjög vinsælt á landsvísu er Ellý Vilhjálms söng það plötu árið 1963. Athygli vekur að á þeirri upptöku syngur Ellý lagið í 6/8 takti en lagið hefur nánast undantekningalaust verið sungið þannig síðan. Þrátt fyrir vinsældir lagsins í þeirri útsetningu breytir Oddgeir ekki útsetningu sinni af laginu fyrir útgáfu nótnaheftisins *Vor við sæinn* sem hann hafði unnið að fyrir lát sitt 1966.

## Tímabilin borin saman

*Notkun tóntegunda í Þjóðhátíðarlögum Oddgeirs*

Af 21 Þjóðhátíðarlagi Oddgeirs eru 19 þeirra samin í F-dúr, G-dúr og Es-dúr. Eina undantekningin frá þessum tóntegundum er lagið *Blái borðinn* í D-dúr og

<sup>10</sup> Viðtal höfundar við Hrefnu Guðbjörgu Oddgeirsdóttur, 20.1.2011.

<sup>11</sup> Viðtal höfundar við Hafstein Ágústsson og Írisi Sigurðardóttur, 27.1.2011.

<sup>12</sup> Viðtal höfundar við Hafstein Guðfinsson og Hildi Kristjönu Oddgeirsdóttur, 28.2.2011.

*Ágústnótt* í C-dúr. Öll lögin á fyrsta tímabilinu eru samin í tóntegundum sem er auðvelt að spila á gítar en eins og ég nefndi áður að þá var Oddgeir sjálflærður á gítar. Tóntegundanotkun Oddgeirs breytist er hann semur lagið *Heima* en það er fyrsta lagið til að vera samið í Es-dúr. Lögin á því tímabili eru öll í F-dúr og Es-dúr en síðarnefnda tóntegundin er frekar óheppileg tóntegund á gítar en Oddgeir var farinn að nota píanó til að semja frá um 1946. Lögin á þriðja tímabilinu eru í F, G og Es-dúr

#### *Ágústnótt* C-dúr

C-dúr virðist hér vera fullkomin tóntegund fyrir söng og gítar. Í þessari tóntegund er tónsvið laglínunnar frá a til d". Tónsviðið er því mjög heppilegt fyrir ófaglærðan söngvara.

#### *Heima* Es-dúr

Í Es-dúr spannar tónsvið laglínunnar frá b til es". Það tónsvið er ívið of hátt fyrir ófaglærðan söngvara en algengt er að færa tóntegundina niður í D-dúr ef spilað er til fjöldsöngs með gítarundirspili. Gítarleikur verður þá einnig auðveldari.

#### *Ég veit þú kemur* F-dúr

Tónsvið laglínunnar er hér frá c' til d". Þó að tónsviðið sé í rauninni ekki of hátt fyrir almennan söng að þá liggur mestur hluti laglínunnar á hæsta hluta tónsviðsins og því er algengt að lækka lagið í D-dúr fyrir almennan söng.

Segja má að *Heima* og *Ég veit þú kemur* séu nokkuð lýsandi fyrir þjóðhátíðarlögin í heild sinni en flest lögin eru í tóntegundum sem eru of háar fyrir almennan söng. Reyndar eru nokkur lög þar sem að laglínun liggur á það háu tónsviði að það sé einungis á færi tenór eða sópranradda að syngja lögin í upprunalegri tóntegund. Þannig mætti færa fyrir því rök að það hafi ekki skipt Oddgeiri máli að koma lögunum frá sér þannig að þau væru sem þægilegust fyrir almennan söng. Lögin eru nánast öll í þessum þremur tóntegundum, Es-dúr, F-dúr og G-dúr, þannig að það hefði í rauninni verið lítið mál að útsetja þau í lægri tóntegundum t.d. C-dúr, D-dúr eða E-dúr sem eru allt þægilegar tóntegundir fyrir gítarundirspil. Algengt



er að flest lögini séu lækkuð niður í D-dúr fyrir almennan söng með gítarundirspili.

13

Flytjendur laganna breyttust einnig eftir tímabilunum og hugsanlegt er að það hafi haft áhrif á tóntegundanotkunina. Á fyrsta tímabilinu er Oddgeir sjálfur, ásamt vinum, í hlutverki flytjanda sem gítarleikari og söngvari. Lögini eru þar í þægilegum tóntegundum fyrir almenning og í aðeins einu tilviki þyrfti að lækka lag um heiltón til að gera það þægilegra til söngs. Á öðru tímabilinu færast hann frá hlutverki flytjanda og Lúðrasveit Vestmannaeyja tekur við með Oddgeir sem stjórnanda. Lögini eru því ekki flutt á sama máta sem sönglög heldur hluti prógrams Lúðrasveitarinnar. Textar nýja Þjóðhátíðarlagsins voru aldrei prentaðir á þessum árum þannig að fólk gat ekki sungið með nýja Þjóðhátíðarlaginu hverju sinni en Ási í Bæ hélt hinsvegar áfram að spila á gítar og syngja lögini í dalnum. Á þriðja tímabilinu voru hljómsveitir sem voru ráðnar til að spila við Þjóðhátíð farnar að flytja lögini við kvöldvökur en Lúðrasveitin spilaði enn við hátíðina. Þátttaka hljómsveitanna hefur fært hinn almenna söngvara aftur nær Þjóðhátíðarlögum og gefið þeim tækifæri til að taka undir en merkilegt er að það þyrfti að lækka flest lögini á þessu tímabili töluvert til að gera þau þægileg fyrir almennan söng. Hugsanlegt er að tóntegundaval Oddgeirs hafi því miðast við tónsvið söngvara hljómsveitanna hverju sinni. Ekki er vitað til þess að Oddgeir hafi lagað eða breytt nema einu af Þjóðhátíðarlögum sínum eftir að hann samdi það en það var lagið *Hátíðarnótt í Herjólfsdal*, sem hann endurútsætti í 4/4 takt frá 6/8 fyrir útgáfu nótnaheftis 1956. Einnig er ekkert laga hans til í mismunandi tóntegundum. Það mætti því ætla að Oddgeir hafi einfaldlega valið tóntegund hvers lags fyrir sig út frá því hvar það hljómaði best í tónhæð. Hvað sem því líður þá eiga þessi lög Oddgeirs það sameiginleg að vera björt og fersk í flutningi í sínum upprunalegu tóntegundum sem er eiginleiki sem tapast við mikla lækkun í tónhæð.

### *Form og útsætingar*

Í samanburði laganna hvað þetta varðar kemur margt áhugavert í ljós. Lögini eru öll í tvískiptum takti sem er mjög einkennandi fyrir Þjóðhátíðarlögini en einungis 3 af lögum eru í þrískiptum takti. Forspil þeirra eru útsætt með pedal í bassa.

<sup>13</sup> Viðtal höfundar við Hafstein Guðfinnson og Hildi Kristjönu Oddgeirsdóttur, 28.2.2011.

Pedallin í *Ágústnótt* er á öðru sæti en í hinum lögnum notar hann grunntón laganna sem pedalinn. Þessi notkun pedals kemur einungis fyrir í þessum þremur lögum Oddgeirs en þjóðhátíðarlög hans byrja ávallt á forspili.

Lögin eru öll tvískiptu ítrekunarformi og með svipaða enda í hendingum. Ef lögin í fyrsta tímabili Oddgeirs eru skoðuð í því samhengi kemur í ljós að hann byrjar strax að semja í þessu formi en endingar á hendingum eru ekki jafn vel mótaðar. Einnig skortir að sumu leyti eðlilegt flæði í laglínunum þessara laga. Það hefur þau áhrif að það er ekki jafn auðvelt að læra þau. Undantekningin frá því eru lögin *Meira fjör* og *Ágústnótt* en það eru lögin sem eru mest sungin frá þessum tíma. Á öðru tímabili fer Oddgeir að gera meiri tilraunir með formið en fer aldrei langt frá því nema í *Síldarstúlkunum* sem er eina lagið með C og D köflum. Það er einnig lagið með mesta tónsviðið og það fyrsta til að vera samið í þrískiptum takti.

Lögnum á þessu tímabili var nánast undantekningalaust vel tekið en hafa kannski ekki verið mikið sungin í seinni tíð að frá séu talin lögin *Heima*, *Síldarstúlkurnar* og *Gamla gatan*. Lögin sem Oddgeir semur á þriðja tímabilinu fylgja nú nánast sömu uppsetningu og *Heima* og *Ágústnótt*. Þau eru í tvískiptu ítrekunarformi. Þegar A og A' kaflarnir eru endurteknir eru þeir nákvæmlega eins og endar á hendingum eru annaðhvort hálfendar eða aðalendar. Laglínurnar hafa náttúrulegt flæði og er nokkuð auðvelt að læra þær. Öll þessi atriði eru mikilvæg er varða aðgengi almennra söngvara að lögnum enda voru lögin mikið sungin af Vestmannaeyingum og skipti þá í rauninni engu hvort að hljóðfæraleikari væri á svæðinu til að spila undir, þeir sungu bara samt.<sup>14</sup> Oddgeir hefur því lokið tilraunum sínum með formið í lok annars tímabils og heldur sig alveg við það í því þriðja.

#### *Textanotkun í þjóðhátíðarlögum Oddgeirs*

Ekki er í hægt fjalla um tónmál í samhengi við texta út frá tónsmíðum Oddgeirs því hann samdi alltaf lögin á undan. Oddgeir skipti sér svo ekkert af textasmíðinni nema í þeim tilvikum þar sem að fyrsti textinn þótti ekki nógu góður. Í þeim tilvikum bað hann um annan texta án þess að koma með nein skilyrði eða tillögur varðandi texta. Hversu vel eða illa textarnir falla að lögnum er því einungis mælikvarði á hversu fær ljóðskáldin eru að semja við laglínu en ekki hversu fær

---

<sup>14</sup> Viðtal höfundar við Hafstein Ágústsson og Írisi Sigurðardóttur, 27.1.2011.

Oddgeir er að semja við texta. Hann hafði að vísu samið við ljóð áður en aldrei í samhengi við Þjóðhátíðarlögin.

### *Almennar hugleiðingar*

Ákveðin vandkvæði fylgja því að rannsaka þróun í tónsmíðum Oddgeirs en einu nóturnar sem til eru til rannsóknar eru þær sem eru prentaðar í nótnaheftinu *Vor við sæinn*. Til eru handskrifaðar nótur af mörgum laga hans en það eru fyrst og fremst nótur af lögum sem voru ekki valin til prentunar í nótnaheftinu. Það er því erfitt að gera samanburð milli upphaflegra útsetninga og þeirra sem komu út á prenti. Oddgeir var mjög vandvirkur í nótnaskriftum og ef handskrifuðu nóturnar hans eru skoðaðar kemur í ljós að hann merkti nánast alltaf lög sín með ártali og oft með dagsetningu þess dags sem lagið er samið. Hinsvegar er ekki hægt að greina á nótnunum hvort að þær eru þær upphaflegu eða hvort þær eru hreinskrifaðar. Einnig kemur sama lag aldrei fyrir oft en einu sinni þannig að greinilegt er að Oddgeir var ekki að halda til haga vinnuferlinu á bak við lög og þeim breytingum sem þau hefðu hugsanlega getað tekið á meðan hann útsetti þau. Eina tilvikið sem hann breytir lagi, svo vitað sé, er lagið *Hátíðarnótt í Herjólfssdal* en þar endurskrifar hann lagið í annarri takttegund en hann samdi það upphaflega í. Hinsvegar er ekki hægt að skoða hverjar breytingarnar raunverulega voru því að nótur af upphaflegu útsetningu lagsins eru bara til í tveimur lúðrasveitapörtum.<sup>15</sup> Það var staðfest af munnlegum heimildum að einhver breyting hefði verið gerð á þessu lagi en ekki hver breytingin var.<sup>16</sup> Munnlegu heimildirnar staðfestu einnig að þetta væri eina lagið sem hefði tekið markverðum breytingum.

---

<sup>15</sup> Oddgeir Kristjánsson, nótur Lúðrasveitar Vestmannaeyja handskrifaðar af Oddgeiri Kristjánssyni, Varðveiddar í Skjalasafni Vestmannaeyja, allar nótur ódagsettar en líklegt tímabil 1940-1966.

<sup>16</sup> Viðtal höfundar við Hrefnu Guðbjörgu Oddgeirsdóttur, 20.1.2011.

## Niðurlag

Lög Oddgeirs og sagan á bak við þau er ekki bara stór hluti af tónlistarsögu Vestmannaeyinga eða Þjóðhátíðar í Eyjum heldur hluti af sjálfum mér sem tónlistarmanni og manneskju. Ég velti því mikið fyrir mér hvernig ég átti að nálgast efnið og fara að því að vinna það á óhlutlægan hátt. Ég óttaðist að persónuleg og tilfinningaleg tengsl mín gagnvart verkefninu myndu gera mig of hlutdrægan gagnvart rannsóknarniðurstöðum. Það var fyrst og fremst þessu hugsun sem ég barðist við er ég tók viðtölin fyrir þessa rannsókn. Til að afla þeirra upplýsinga sem ég þyrfti til að afla mér sambærilegum bakrunni fyrir hvert lag tók ég þá ákvörðun að spyrja einungis mjög ákveðnar spurningar. Þegar ég framkvæmdi svo viðtölin kom í ljós að með spurningunum náði ég öllum þeim upplýsingum sem ég þyrfti til að fá heildstæða sýn á lögin hans Oddgeirs. Hinsvegar er ég ekki í vafa um að án persónulegra tengsla minna við verkefnið og viðmælendur mína hefði mér ekki tekist að fá jafn ítarleg svör, krydduðum jafn skemmtilegum sögum og fróðleik, og raun bar vitni. Eitthvað af þeim upplýsingum hef ég bætt við í viðauka í lok ritgerðarinnar. (sjá Viðauka II)

Ég lagði upp með að skoða Oddgeir í samhengi við Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum. Það er augljóst að árleg hátíð sem er mikill viðburður í litlu afgirtu þorpi eins og er á Heimaey hafi verið lyftistöng til að gefa tónlistarhæfileikum Oddgeirs útrás. Öll lög Oddgeirs, ekki einungis þjóðhátíðarlögin, voru samin til flutnings við gleðskap og skemmtanir og Þjóðhátíðin var sú stærsta af þeim öllum.

Hinsvegar, eftir því sem ég skoðaði þetta samhengi betur, gat ég ekki komist hjá því að snúa hugsun minni við. Ég fór að skoða Þjóðhátíð í samhengi við Oddgeir. Þá fyrst gerði ég mér grein fyrir því að Oddgeir sem tónskáld og flytjandi hafði ekki einungis þróast eftir því sem Þjóðhátíðin breyttist heldur átti Oddgeir stóran hlut í að móta Þjóðhátíðina í þá hátíð sem hún er í dag. Hlutur tónlistar var lítill sem engin fyrir hans tíma og er nú miðpunktur hátíðarinnar þar sem að tónlist hans er í hávegum höfð enn þann dag í dag. Að sjálfsögðu má ekki gleyma hlut Árna úr Eyjum og Ása í Bæ sem eiga síst minni hlut í þessari þróun. Þróun Þjóðhátíðarinnar og Oddgeirs er því ákaflega samofin.

## Heimildaskrá

### Bækur

Árni Björnsson, *Saga daganna*, 3. útgáfa, Mál og menning, Reykjavík, 2000.

### Greinar í tímaritum

Árni Johnsen, „Eyjaperlur Oddgeirs alþjóðlegar og sígildar“, *Þjóðhátíðarblað Þórs*, 1986, bls. 3-10.

Árni Johnsen, „Hvernig Þjóðhátíðarlög Oddgeirs urðu til“, *Þjóðhátíðarblað Þórs*, 1978, bls. 5-9.

Árni Johnsen, „Það ættu vinir að vita“, *Þjóðhátíðarblað Vestmannaeyja*, 1976, bls. 19-21.

Ási í Bæ, „Þeir hreinu tónar“, *Eyjablaðið*, 27. ár, 1/1966, bls. 1-4.

Magnús Magnússon, „Dagskrá“, *Þjóðhátíðarblað Vestmannaeyja*, 1961, bls. 18.

### Greinar sóttar á gagnagrunn á netinu

Benedikt Viggósson, „14 lög úr Eyjum með Sextett Óafs Gauks“, *Tíminn*, 52. ár, 162. tbl., 4.8.1968, bls. 5, Timarit.is - stafrænt bókasafn, 6.3.2011, <[www.timarit.is](http://www.timarit.is)>, Tímarit.is.

Elsa Ósk Alfreðsdóttir, „Þegar ágústnóttin nálgast nýt ég þess að vera til,,: Rannsókn á Þjóðhátíð í Vestmannaeyjum fyrr og nú“, desember 2007, 1-72 bls., Skemman - Safn námsritgerða og rannsóknarrita, sótt 10. febrúar 2011, <<http://skemman.is/stream/get/1946/6998/18815/1/BA-RITGERDIN.pdf>>, Skemman.is.

Frey móður Jóhannsson, „Eru íslensk dægurlög nokkurs virði?“, *Tíminn*, 39. ár, 229. tbl., 9.10.1955, bls. 5, Timarit.is - stafrænt bókasafn, 6.3.2011, <[www.timarit.is](http://www.timarit.is)>, Tímarit.is.

Helgi Benediktsson, „Minningarorð“, *Morgunblaðið*, 53. ár, 47. tbl., 26.2.1966, bls. 15, Timarit.is - stafrænt bókasafn, 6.3.2011, <[www.timarit.is](http://www.timarit.is)>, Tímarit.is.

JB., „Vordagar í Vestmannaeyjum“, *Þjóðviljinn*, 14. ár, 151. tbl., 14.7.1949, bls. 5 og 7, Timarit.is - stafrænt bókasafn, 6.3.2011, <[www.timarit.is](http://www.timarit.is)>, Tímarit.is.

Höf. ókunnur, „Útvarpið í kvöld“, *Vísir*, 35. ár, 263. tbl., 19.11.1945, bls. 6, Timarit.is - stafrænt bókasafn, 6.3.2011, <[www.timarit.is](http://www.timarit.is)>, Tímarit.is.

Höf. ókunnur, „Útvarpið í kvöld“, *Vísir*, 36. ár, 28. tbl., 4.2.1946, bls. 6, Timarit.is - stafrænt bókasafn, 6.3.2011, <[www.timarit.is](http://www.timarit.is)>, Tímarit.is.

- Höf. ókunnur, „Þjóðhátíð Vestmannaeyja“, *Þjóðviljinn*, 10. ár, 178. tbl., 12.8.1945, bls. 1, Timarit.is - stafrænt bókasafn, 6.3.2011, <www.timarit.is>, Tímarit.is.
- Höf. ókunnur, „Mikill afli hjá Vestmannaeyjabátum: Þjóðhátíðin“, *Tíminn*, 30. ár, 134. tbl., 27.07.1946, bls. 1, Timarit.is - stafrænt bókasafn, 6.3.2011, <www.timarit.is>, Tímarit.is.
- Höf. ókunnur, „Sjöunda sambandsþing S.Í.B.S. að Reykjalundi“, *Morgunblaðið*, 37. ár, 188. tbl., 19.8.1950, bls. 8, Timarit.is - stafrænt bókasafn, <www.timarit.is>, Tímarit.is.
- Höf. ókunnur, „Þjóðhátíðin merkur viðburður í lífi Vestmannaeyinga í áratugi“, *Tíminn*, 34. ár, 168. tbl., 4.8.1950, bls. 1, Timarit.is - stafrænt bókasafn, 6.3.2011, <www.timarit.is>, Tímarit.is.
- Höf. ókunnur, „Þjóðhátíð Vestmannaeyja fór fram um helgina, að viðstöddu fjölmenni.“, *Vísir*, 31. ár, 182. tbl., 12.8.1941, bls. 2, Timarit.is - stafrænt bókasafn, 6.3.2011, <www.timarit.is>, Tímarit.is.
- Höf. ókunnur, „Næsta danslagakeppni S.K.T. hefst á laugardaginn“, *Þjóðviljinn*, 21. ár, 238. tbl., 18.10.1956, bls. 3, Timarit.is - stafrænt bókasafn, <www.timarit.is>, Tímarit.is.

## Nótur

- Oddgeir Kristjánsson, *Vor við sæinn*, Vestmannaeyjar, Svava Guðjónsdóttir, 1968.
- Oddgeir Kristjánsson, 5 Dægurlög, Vestmannaeyjar, Oddgeir Kristjánsson, 1956.

## Óútgefnar nótur

- Oddgeir Kristjánsson, nótur Lúðrasveitar Vestmannaeyja handskrifaðar af Oddgeiri Kristjánssyni, Varðveiddar í Skjalasafni Vestmannaeyja, allar nótur ódagsettar en líklegt tímabil 1940-1966.

## Viðtöl

- Viðtal höfundar við Hrefnu Guðbjörgu Oddgeirsdóttur, 20.1.2011.
- Viðtal höfundar við Hafstein Ágústsson og Írisi Sigurðardóttur, 27.1.2011.
- Viðtal höfundar við Hafstein Guðfinnsson og Hildi Kristjönu Oddgeirsdóttur, 28.2.2011.

## Viðauki I

### Þjóðhátíðarlög Oddgeirs Kristjánssonar

#### Ár Lag

- '33 Setjumst að sumbli
- '36 Blái borðinn
- '37 Ágústnótt
- '38 Þjóðhátíðarsöngur (Allir inn í dal)
- '39 Hátíðarnótt í Herjólfsdal
- '40 Meira fjör (Blítt og létt)
- '41 Dagur og nótt í dalnum
- '42 Takið eftir því
- '45 Á útlagaslóðum
- '48 Þjóðhátíðarvísa (Þegar kvöldið kátt)
- '49 Breytileg átt - og hægviðri
- '50 Hve dátt er hér í dalnum
- '51 Heima
- '53 Síldarvísa
- '54 Vísan um dægurlagið
- '55 Gamla gatan
- '61 Sólbrúnir vangar
- '62 Ég veit þú kemur
- '63 Kvöldlag
- '64 Þar sem fyrrum
- '65 Vögguvísa
- '66 Ungi vinur
- '67 Fyrir austan mána
- '68 Svo björt og skær

#### Ljóð

- Árni úr Eyjum
- Árni úr Eyjum
- Árni úr Eyjum
- Árni úr Eyjum
- Árni úr Eyjum
- Árni úr Eyjum
- Árni úr Eyjum
- Árni úr Eyjum
- Árni úr Eyjum
- Ási í Bæ
- Ási í Bæ
- Ási í Bæ
- Sigurður Einarsson
- Ási í Bæ
- Ási í Bæ
- Ási í Bæ
- Þorsteinn Valdimarsson
- Ási í Bæ
- Ási í Bæ
- Ási í Bæ
- Loftur Guðmundsson
- Loftur Guðmundsson

## Viðauki II

### 1933 Setjumst að sumbli

Oddgeir og Árni fluttu fyrsta þjóðhátíðarlagið í veitingatjaldinu 1933 án nokkurrar athafnar. Þetta var ósköp eðlileg upptroðsla. Hinsvegar var þetta líklega í fyrsta sinnið sem nýtt lag var flutt með nýjum texta er fjallaði um þjóðhátíð. Á þessum tíma og í mörg ár þar á undan hafði tíðkast að semja ljóð og syngja við áður þekkt lög. Hér kom hinsvegar sú nýjung að flytja nýtt lag og er lagið því fyrsta frumsamda þjóðhátíðarlagið. Lagið var líklega flutt frekar hressilega og sungið tvisvar í gegni við sama texta.<sup>17</sup>

Lagið var ekki notað í prógröm annarra skemmtanna hjá Oddgeiri eftir þjóðhátíð svo vitað sé þannig að lagið fær strax á sig þann stimpil að vera „Þjóðhátíðarlag“. Fólki lærði lagið frekar fljótt þó að það yrði ekkert sérstaklega vinsælt. Oddgeir sjálfur virðist ekkert hafa verið sérstaklega hrifinn af þessu lagi sjálfur enda hefur einungis varðveist laglínan af laginu án nokkurrar útsetningar eða hljómsetningar.

### 1934-1935

Það er engin sérstök ástæða fyrir því, svo vitað sé, að það var ekki samið þjóðhátíðarlag þessi ár.

### 1936 Blái borðinn

Blái borðinn var vöruheiti á smjörlíki sem var til á nánast öllum heimilum á þessum tíma og var framleitt af Ragnari Smára á meginlandinu. Texti lagsins fjallar um þetta smjörlíki og var í rauninni bara húmor en auglýsingar um smjörlíkið voru áberandi á þessum tíma. Lagið sló strax í gegn þegar félagahópurinn frumflutti það í veitingatjaldinu og lærði fólk það mjög fljótt. Lagið barst hratt til meginlandsins, líklega með fólki sem var að vinna í verðtíð í Eyjum<sup>18</sup>, fyrst laga Oddgeirs. Ragnar Smára fékk svo veður af þessu og bauðst til að borga Oddgeiri og Árni til að fá að nota hluta úr textanum þeirra til auglýsingar, textann „alltaf er hann bestur Blái Borðinn“. Þessi auglýsing er

<sup>17</sup> Viðtal höfundar við Hrefnu Guðbjörgu Oddgeirsdóttur, 20.1.2011.

<sup>18</sup> Viðtal höfundar við Hrefnu Guðbjörgu Oddgeirsdóttur, 20.1.2011.



sjáanleg í Þjóðhátíðarblöðum allt til seinni hluta 6. áratugarins. Ragnar greiddi þeim 50 kr. fyrir og það var slegið upp stórveislu. Þetta er í eina skiptið sem Oddgeir fær greitt fyrir tónsmíð á ævinni. Líklegt er að þetta lag sé flutt við önnur tilefni síðar meir þó engar heimildir séu fyrir því.

Til stóð að hafa Bláa borðann með í lagaheftinu *Vor við sæinn*. Oddgeir hafði hreinskrifað það fyrir útgáfuna en við lokafrágang hennar tóku Róbert A. Ottósson og Marteinn H. Friðriksson þá ákvörðun að bæta frekar við laginu *Ungi vinur*, sem ég fjalla um síðar. Þetta lag hefur hvorki komið út á prenti né verið tekið upp.

### **1937 Ágústnótt**

Ágústnótt er elsta Þjóðhátíðarlagið sem er reglulega sungið enn þann dag í dag.

### **1938 Þjóðhátíðarsöngur (Allir inn í dal)**

Lagið er óvenjulegt að því leitinu til að Oddgeir samdi forspil sem Árni samdi texta við. Þetta er eina forspilið af öllum lögum Oddgeirs sem hafði texta en það var líklega lítið sungið og er nú glatað. Laglína lagsins hefur varðveist í ómerktri útsetningu einhvers annars og er það eina eintak lagsins sem fundist hefur og er því óvíst hvernig Oddgeir skrifaði það og í hvaða tóntegund það var. Lagið varð ekkert sérlega vinsælt.

### **1939 Hátíðarnótt í Herjólfssdal**

Lagið er eina lagið sem Oddgeir breytti í seinni tíð en hann hefur væntanlega gert það fyrir útgáfu þess í heftinu *5 Dægurlög* sem kom út 1956. Oddgeiri þótti mjög vænt um þetta lag.

### **1940 Meira fjör**

Lög Oddgeirs voru oft ekki tilbúin fyrr en rétt fyrir Þjóðhátíð og því var oft samið einskonar „recept“ þ.e. gríntexti þannig að fólk gæti lært textann. Sá texti varð stundum sá texti sem var fluttur á hátíðinni. Textinn „Blítt og létt“ verður aðaltextinn og var líklega saminn árið á eftir, en þeir félagar vildu ljóðrænni texta fyrir lagið. „Blítt og létt“ textinn vísar ekkert til Þjóðhátíðar. Seinna meir kemur textinn "Kveikjum eld" sem Árni semur fyrir skátana sem voru alltaf með varðeld og afgirt svæði á hátíðinni. Sá texti verður í senn skátalag og Þjóðhátíðarlag. Allir

textar slá í gegn ásamt laginu. Þetta var 5 árið í röð sem þeir koma með nýtt lag á hátíðina og var fólk líklega farið að búast við nýju lagi frá þeim, s.s. farin að skapast hefð. Þetta lag náði vinsældum upp á landi.

Þess má geta að lagið *Vor við sæinn* sem var samið sama ár og *Meira fjör* var fyrst laga Oddgeirs til að vera tekið upp. Það var danslag kvöldsins í útvarpinu hjá Bjarna Bö föður Ragga Bjarna. Lára, kona Bjarna, og Hermann Guðmundsson frumfluttu það í útvarpinu.

### **1941 Dagur og nótt í dalnum**

Recept texti lagsins, nefnt „Þegar dagur dvín“, var fluttur á Þjóðhátíðinni þetta árið en sparitextinn „Dagur og nótt...“ var saminn einhvern tíma eftir hátíðina. Þetta lag festist ekki mikið í sessi utan vinahópsins.

Í fréttatilkynningu varðandi Þjóðhátíð í Vísi í ágúst 1941 er minnst á að hornaflokkur undir stjórn Oddgeirs muni leika á milli atriða. Þetta er í fyrsta skipti sem minnst á eitthvert framlag frá Oddgeiri í fréttatilkynningum varðandi Þjóðhátíð.<sup>19</sup>

### **1942 Takið eftir því**

Þetta lag varð ekki vinsælt heldur. Atvinnuleysi var mikið á þessum tíma og lýsir textinn atvinnubótarvinnu kölluð „Stjórnargrótið“ sem var erfiðisvinna sem var í boði til að menn hefðu eitthvað að gera. „Takið eftir því“ var slagorð frá skósmið sem var stuttan tíma í Eyjum. Textinn er því bland af gríni á kostnað skósmiðsins og umfjöllun um áttvinnuástandið.

### **1943-1944**

Á þessum tíma er seinni heimsstyrjöldin í hámarki og gera má ráð fyrir að Þjóðhátíðin hafi ekki verið haldin með hefðbundnu sniði. Óvíst er af hverju Oddgeir samdi ekki Þjóðhátíðarlög á þessum tíma.

---

<sup>19</sup> Höf. ókunnur, „Þjóðhátíð Vestmannaeyja fór fram um helgina, að viðstöddu fjölmenni.“, *Vísir*, 31. ár, 182. tbl., 12.8.1941, bls. 2, Tímarit.is - stafrænt bókasafn, 6.3.2011, <www.tímarit.is>, Tímarit.is.

## 1945 Á Útlagaslóðum

Á hverju sumri í júní eða júlí fór Lúðrasveit Vestmannaeyja upp á land í viku ferð. Í júlí 1945 var ferðinni heitið til Hveravalla. Þar var dvalið í sæluhúsi og farið í göngur um svæðið. Í einni göngunni var farið að Eyvindarbæli. Einn daginn voru allir reknir út í göngu en Oddgeir og Árni urðu eftir í húsinu og sömdu lagið *Á Útlagaslóð* en texti þess fjallar um Fjalla-Eyvind og Höllu. Þegar sveitin kom aftur frá göngu var lagið tilbúið og var svo flutt seinna um kvöldið á kvöldvöku, útsett í 4 röddum. Þar fengu allir skrifaðan texta af laginu þannig að allir gætu lært það. Þetta er í fyrsta sinn sem texti er óviðkomandi Eyjum en lagið er samið það nálægt Þjóðhátíð að það er ákveðið að nota það við það tilefni. Vitað er að Oddgeir náði ekki að útsetja lagið fyrir Lúðrasveitina fyrir Þjóðhátíð en óvíst er hvernig lagið var flutt á hátíðinni. Í fréttatilkynningu hjá Þjóðviljanum þann 12.8.1945 er tilgreint að Oddgeir muni stjórna karlakór við opnun Þjóðhátíðarinnar og hugsanlegt er að karlakórinn hafi flutt lagið.<sup>20</sup>

Sumarið 1946 fór Lúðrasveitin til Reykjavíkur en lagið var þá á prógrami sveitarinnar. Þórður Benediktsson biður þar Oddgeir, fyrir hönd SÍBS, hvort hann sé til í að gefa félaginu þetta lag. Hann samþykkti það og var lagið frumflutt með nýjum texta eftir Árna úr Eyjum á 7. sambandsþingi SÍBS þann 18.8.1950.<sup>21</sup> Lagið er í söngheftinu *Vor við sæinn* og er lagið titlað *Söngur SÍBS*. Eftir það er eldri textinn sungin á Þjóðhátíð en SÍBS textinn á meginlandinu.

## 1946-1947

Ekkert lag er samið þessi ár. Óvíst er með ástæðu þess 1946 en það árið er það fyrsta sem Lúðrasveit Vestmannaeyja spilar við setningu Þjóðhátíðar.<sup>22</sup> 30. Júlí 1947 missti Oddgeir son sinn, 9 ára, úr berklum sem er vafalaust ástæðan fyrir því að hann samdi ekki lag það árið.

<sup>20</sup> Höf. ókunnur, „Þjóðhátíð Vestmannaeyja“, *Þjóðviljinn*, 10. ár, 178. tbl., 12.8.1945, bls. 1, Timarit.is - stafrænt bókasafn, 6.3.2011, <www.timarit.is>, Timarit.is.

<sup>21</sup> Höf. ókunnur, „Sjöunda sambandsþing S.Í.B.S. að Reykjalundi“, *Morgunblaðið*, 37. ár, 188. tbl., 19.8.1950, bls. 8, Timarit.is - stafrænt bókasafn, 6.3.2011, <www.timarit.is>, Timarit.is.

<sup>22</sup> Höf. ókunnur, „Mikill afli hjá Vestmannaeyjabátum: Þjóðhátíðin“, *Tíminn*, 30. ár, 134. tbl., 27.07.1946, bls. 1, Timarit.is - stafrænt bókasafn, 6.3.2011, <www.timarit.is>, Timarit.is.

### **1948 Þegar kvöldið kátt**

Oddgeir var ekki mjög hrifinn af þessu lagi sjálfur og lagið líklega ekki mikið flutt eftir þessa þjóðhátíð. Líklega er ljóðið hér eftir Ása í Bæ þó engar heimildir séu til um það. Það er þó staðfest að ljóðið er ekki eftir Árna úr Eyjum. Einungis laglínan hefur varðveist og einnig útsetning fyrir Lúðrasveitina sem frumflutti lagið á Þjóðhátíðinni þetta árið en það var líklega í fyrsta skiptið sem Lúðrasveitin frumflutti þjóðhátíðarlagið. Greina má stef úr þessu lagi í þjóðhátíðarlaginu 1955, *Gömlu götunni*.

### **1949 Breytileg átt og hægviðri**

Þetta lag er seinast lagið sem Árni semur texta við. Engin af viðmælendum mínum kannast við lag við textann sem Árni samdi hér og engar nótur hafa varðveist. Lagið er því týnt. *Sæsavalsinn* lag eftir Tómas Sigurðsson með texta eftir Ása í Bæ og Oddgeir var mjög vinsælt og mikið sungið á þessari þjóðhátíð og er hugsanlegt að *Breytileg átt - og hægviðri* hafi einfaldlega fallið í skuggan af því.

### **1950 Hve dátt er hér í dalnum**

Ási í Bæ tekur þetta árið alfarið við Árna varðandi ljóðagerð fyrir þjóðhátíðarlögin þó hann hafi oft samið texta við lög Oddgeirs áður. Einu til tveimur árum seinna semur Ási nýtt ljóð við lagið sem verður aðaltexti þess og heitir þá *Vorvísa*. Eldri textinn verður meiri þjóðhátíðartexti. Þetta lag nær eyrum hlustenda á hátíðinni.

Lagið er eina lagið í nótnaheftinu *Vor við sæinn* sem er útsett fyrir blandaðan kór en óvíst er af hverju það er.

### **1951 Heima**

Róbert A. Ottóson var gestur Oddgeirs og Svövu í Eyjum í lok júlí þetta árið.

Oddgeir var byrjarður á laginu en Róbert heimtaði alltaf viðbót.

„Þegar lagið *Heima* varð til,“ sagði Svava, „var Róbert Abraham hjá okkur og það var mikið að snúast á heimilinu eins og gengur þegar gestir eru og því heldur meira um dýrðir en venjulega.

Mér brá heldur í brún þegar Oddgeir spurði mig eitt sinn hvort hann ætti ekki að sækja mjólk í Breiðholt. Ég varð steinhissa, því slíkt hafði hann aldrei gert

áður, en á leiðinni náði hann miðparti sem hafði vantað í lagið og þegar hann kom heim með mjólkina skrifaði hann lagið upp áður en hann fór á Lúðrasveitaræfingu. Þegar hann kom heim af æfingunni var Róbert búinn að útsetja lagið og hann spilaði það fyrir Oddgeir fullútsett. Síðan hefur það lag ávallt verið spilað þannig og Róbert spilaði það oft. Þetta lag og Báran þótti Oddgeiri best byggðu lögin sem hann samdi og var honum þó ekki gjarnt að gera upp á milli laga sinna, gat það eiginlega ekki."<sup>23</sup>

Lúðrasveitin náði ekki að æfa þetta lag fyrir Þjóðhátíð en lagið varð strax mjög vinsælt. Lagið náði svo miklum vinsældum á meginlandinu þegar að Haukur Morthens söng það á plötu 1959. Lagið *Heima* er eitt þekktasta lag Oddgeirs en texti þess er óður til Vestmannaeyja.

## 1952

Ekkert lag var samið það árið

## 1953 Síldarvísa

Á þessum tíma fóru sjómenn á norðurland að veiða síld og verkamenn fóru einnig norður til að verka hana. Mikil atvinna var í boði og mikil stemning sem fylgdi síldinni. Ási, sem var sjómaður, semur þarna texta sem lýsir þeirri stemningu einstaklega vel. Lagið er fyrsta þjóðhátíðarlagið til að vera samið í vals takti.

## 1954 Vísan um dægurlagið

Ása gekk mjög illa að semja texta við þetta lag og því var leitað til Séra Sigurðar Einarssonar í Holti, frænda Oddgeirs, til að semja ljóð. Ljóðið má túlka sem einskonar óð til Oddgeirs og dægurlagsins. Þetta lag nær ekkert sérstöku flugi en er samt flutt af danshljómsveitum í Vestmannaeyjum á böllum eftir Þjóðhátíð.

## 1955 Gamla gatan

Lagið *Gamla gatan* varð mjög vinsælt í Eyjum og fólk lærði það mjög fljótt. Textinn fjallar um æskuminningar og er óviðkomandi Þjóðhátíð. Oddgeir lét Hrefnu, eldri dóttur sína, oft spila parta sem hann var kominn með til að reyna að vinna í restinni af laginu.

---

<sup>23</sup> Árni Johnsen, „Hvernig Þjóðhátíðarlög Oddgeirs urðu til“, *Þjóðhátíðarblað Þórs*, 1978, bls. 7.

### **1956-1960 Ekkert lag**

Gera má ráð fyrir að á þessum tíma hafi Oddgeir dreift orku sinni á aðrar vígstöðvar. Árið 1956 byrjar hann að kenna í barnaskólanum og móta starfið frá grunni, stofnar lúðrasveitir í gagnfræðiskólanum og barnaskólanum og kór í barnaskólanum ofan á önnur störf. Auk þess sér hann fyrir stórrí fjölskyldu með 3 ungabörnum.

### **1961 Sólblúnir vangar**

Það var mjög gott sumar það árið og farið var oft suður í Klauf sem var vinsæll staður til að fara í sólbað. Textinn hjá Ása verður til í einni þannig ferð og er einskonar ástarljóð.

### **1962 Ég veit þú kemur**

Hrefna, dóttir Oddgeirs segir:

Ási var bara ekki "in the mood" sko, gekk illa, og leitaði uppi alla uppáhalds staðina sína á eyjunum til að fá andan yfir sig og ekkert gekk. Von var á hljómsveit frá meginlandinu og pabbi var alveg á glóðum því að þeir voru oft með kynningarball rétt fyrir þjóðhátíðina. Það stóð til að þeir myndu kynna lagið á ballinu. Pabbi var orðinn mjög óþolinmóður og fauk eitthvað í hann en sagði jafnframt að hann ætti enga heimtingu á því að texti yrði tilbúinn á tilsettum tíma, en hann var svona snöggur upp á lagið. En svo bara lýsti Ási því yfir að hann hefði verið að laga sér ýsu þegar að andinn kom yfir hann, og hann fór inn í stofu og settist þar og hringdi svo í pabba og sagði „Það er komið“. Og pabbi hljóp inn í bæ, heim til hans, og faðmaði hann. Það var mikil gleði. Lagið sló strax í gegn á ballinu þegar að hljómsveitin frumflutti lagið. Menn áttu það til að koma við heima og bað mann um að spila það, því þeim langaði til að syngja það. Fólk lærði það mjög fljótt.<sup>24</sup>

Lagið barst strax til meginlandsins og varð mjög vinsælt. Elly Vilhjálms söng lagið inn á plötu 1963 og varð alveg gríðarlega vinsælt. Lagið er óumdeilanlega þekktasta lag Oddgeirs og er það lag sem hefur oftast verið gefið út á plötu.

### **1963 Kvöldlag**

Ási samdi texta fyrir þjóðhátíð sem engin var í raun ánægður með. Lagið var oft flutt á hátíðinni af Svavari Gests og söngvurunum Berta Möller og Önnu

---

<sup>24</sup> Viðtal höfundar við Hrefnu Guðbjörgu Oddgeirsdóttur, 20.1.2011.

Vilhjálmss.. Lagið var samið í ferð Lúðrasveitarinnar til Landmannalauga sumarið '63 en Oddgeir talaði um að náttúran þar hefði veitt honum innblástur. Í ferðinni var saminn recept texti sem fjallaði um Landmannalaugar en ekki notaður nema í þeirri ferð. Eftir að Oddgeir lést kom Þorsteinn Valdimarsson í heimsókn til Eyja. Hann gisti á heimili Svövu og hún sagði honum frá þessu lagi, hvernig það varð til og stemningunni á Landmannalaugum á þessum tíma. Hún sagði honum einnig hvað Oddgeir hefði verið leiður yfir því að fá aldrei almennilegan texta fyrir þetta lag. Hann fékk andblæ af frásögn hennar og samdi textan að laginu og því var þá bætt in í nótnaheftið *Vor við sæinn*.

### **1964 Þar sem fyrrum**

Þetta árið var Surtseyjargosið í hámarki og var Oddgeiri mikill innblástur. Textinn fjallar hér um gosið og eyjuna sem var hér farin að myndast. Textinn kom tiltölulega fljótt og er einstaklega myndrænn.

### **1965 Vögguvísa**

Stefið í inngangi lagsins er stef sem Oddgeir notaði til að kalla meðleikara sína í danshljómsveitinni aftur á svið eftir hlé. Stefið hljómar undir textanum „Ég vildi geta“. Lagið er ekki með þekktari lögum Oddgeirs á meginlandinu en var mikið spilað af Lúðrasveitinni. Þetta lag var jafnframt seinasta lag Oddgeirs sem var samið fyrir Þjóðhátíð.

### **1966 Ungi vinur**

Lagið var samið árið 1957 fyrir úteyjarmenn og hét þá *Úteyjarvalsinn*. Texti þess þá var einskonar lundavísa. Ási samdi nýjan texta við lagið fyrir Þjóðhátíðina 1966, hina fyrstu eftir lát Oddgeirs. Oddgeir hafði breytt millikaflanum nokkrum árum eftir að hann samdi *Úteyjarvalsinn* og Ási samdi því nýjan texta við þessa nýju útgáfu lagsins. Hin útgáfan hafði aldrei komst á neitt skrið. Lagið var flutt á Þjóðhátíð og var líklega útsett af Marteini H. Friðrikssyni fyrir lúðrasveitina.

Þetta árið var fyrsta árið sem texti Þjóðhátíðarlagsins kom út í prenti fyrir Þjóðhátíð.

### **1967 Fyrir austan mána**

*Fyrir austan mána* var samið 1936 fyrir kabarett sem var fjáröflunarkvöldvaka til að afla tekna til að byggja samkomuhús fyrir Akógesfélagið í Eyjum. Lagið var frumflutt af Ása í Bæ og Guðrínu Loftsdóttur við undirleik hljómsveitar sem lék undir stjórn Oddgeirs. Textinn er eftir Loft Guðmundsson. Lagið varð mjög vinsælt og var mikið sungið eftir þetta við ýmis tilefni. Lagið var algerlega ótengt Þjóðhátíð en var notað sem Þjóðhátíðarlag þetta árið.

### **1968 Svo björt og skær**

Þetta lag var samið fyrir leikritið *Ævintýri Þjóðvísunar* sem flutt var á kvöldvöku lúðrasveitarinnar um páska 1942. Kvöldvakan var haldin til að safna fyrir nýjum hljóðfærum fyrir lúðrasveitina. Þetta lag var sungið í dúett milli Kóngsdótturinnar, sungið af Dæju Haraldsdóttur og Kóngssyninum, Guðjóni Hjörleifssyni. Þetta lag var einnig ótengt Þjóðhátíð að öllu leiti en var notað sem Þjóðhátíðarlagið 1968, seinast laga Oddgeirs.